

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Viktoría Gísladóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, og Elsa María Guðmundsdóttir.

Afboða, mæta ekki : Hörður Oddfríðarson, Júlía Þorvaldsdóttir, Oddur Örnólfsson

Fundur 30.08.2022 settur kl. 18.30

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Þessi fyrsti fundur sundársins fór aðallega í að undirbúa stefnumótarfund stjórnar um mótamál. Haldin verður stefnumótunarfundur þann 6. September með fólki frá Dale Carnegie til að fara yfir mótamál SSÍ og hvernig betur megi haga utanumhaldi og verklagi í kringum mótin.
- b. Sumarið var sérlega annasamt hjá SSÍ og voru mörg mót haldin bæðin innanlands og utan. Helstu verkefni voru:
 - a. SMÍ í Ásvallalaug 18 og 19. júní
 - b. AMÍ í Reykjanesbæ 24 - 26. júní
 - c. HM50 í Búdapest 14 - 25. júní
 - d. EMU í Búkarest 3-11. Júlí
 - e. NÆM í Tallin 7-11. Júlí
 - f. EYOF í Slóvakíu 24 – 30 júlí
 - g. EM æfingabúðir í Barcelona 1-8. Ágúst
 - h. EM 50 í RÓM 8-18. Ágúst
 - i. EM masters í Róm 19. Ágúst – 4. September.

Öll gengu þessi mót mjög vel og íslensku keppendurnir stóðu sig með miklum sóma. Það ber þó sérstaklega að geta góðs árangur Antons Sveins á HM50 og EM50 í 200 m bringusundi þar sem hann hafnaði í 6. sæti á báðum mótum og Snæfríðar Sól sem fór 16 manna úrslit í 200m skriðsundi á EM50. Einnig góður árangur Birnis Freys á NÆM (2 gull) og EYOF en þar sem hann komst á pall í 200 m fjórsundi.

- c. Farið var yfir verkefnalista með helstu verkum sem bíða SSÍ á nýju sundári.
- d. Haldin verður formannafundur þann 8. september þar sem farið verður yfir AMÍ og SMÍ og hvernig til hefur tekist. Þessi fundur er í takt við samþykkt frá síðsta sundþingi.
- e. Þjálfararáðstefna verður haldin í Borgarnesi 17 – 18. sept. Þáttaka er góð. Eftirfarandi aðilar eru með erindi á ráðstefnunni:
 - Tom Rushton yfirþjálfari Energy Standard (þjálfari ársins í Evrópu 2021)
 - Björn Sörensen yfirþjálfari Aalborg Svømmeklub (einn besti þjálfari dana)
 - Kjell Wormdal yfirþjálfari Sundfélags Akraness
 - Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála
 - Ragnar Guðmundsson Optimizer
- f. Farið var yfir uppkast af atburðadagatali.
- g. Formaður framkvæmdastjóri og mótastjóri munu hitta Ingibjörgu Krisínu á fundi í næstu viku til að ræða aðkomu hennar að markaðsmálum tengdum SSÍ mótum.

3. Afreksmál

SSÍ mót sumarsins

- SMÍ í Ásvallalaug 18 og 19. júní
 - Flest félög sýndu vilja til að reyna að gera þetta gott, en svo var hópur einstaklinga sem gerði allt til að tala mótið niður mótið og til að skemma stemninguna.
 - Þurfum að vanda okkur betur hvað þetta mót varðar og skapa góða ramma eins og fyrir AMÍ. Það var tjaldað öllu til í Reykjanesbæ, góð stemning og gott lokahóf. En á sama tíma varð SMÍ eins og hvert annað félagsmót, ekki lögð áherslu á gleði og það vantaði lokahóf (grillveisla). Meira segja félög sem sniðgengu mótið og mættu eingöngu með um 10% af þeim sem voru með lágmörk fyrir mótið.
- AMÍ í Reykjanesbæ 24 - 26. júní
 - Í flesta staði tókst vel til, þarf smá lagfæringar til að gera betur.
 - ÍRB skapaði góða umgjörð sem skilaði sér í ánægðum þátttakendum.
 - Félögin eru að læra á nýtt kerfi og það kom mikið á óvart hversu margir þjálfarar höfðu ekki kynnt sér reglugerð mótsins og jafnvel þeir sem tóku þátt í að búa þetta til voru að setja sig á mót ákveðnum hlutum. Reglugerðin var unnin af nefnd skipuð af þjálfurum úr hreyfingunni, upplýsingar sendar reglulega á útvalda þjálfara sem voru ekki í nefnd og svo var haldinn kynningarfundur. En samt virðist þetta koma þjálfurum á óvart, líka þeim sem sátu í nefndinni.
 - Teljum að við eigum að breyta 12x50 boðsundi í blönduð boðsund milli félaga og hafa utan keppni á sunnudeginum. Í staðinn setja inn 4x50 mix boðsund í hverjum flokki, sem er til stiga. Það gerir minni félögum auðveldara að vera með (2 strákar + 2 stelpur)
 - Einnig tímasetningar á mótinu, væri kannski fint að bjóða upp á æfingatíma frá 8-10 á föstudegi, hafa setninguna fyrir hádegi, hádegismat þar eftir og hefja upphitun kl 14 ?

Lágmarkakerfi fyrir SSÍ mót

- Við þurfum að útbúa lágmarkakerfi fyrir SSÍ mótin, sem ætti að vera byggt á eigin afrekskrá í viðkomandi laugarlengd.
- AMÍ lágmörkin verða að standa sjálf, þar sem það er annað kerfi á því mótí
 - Þarf að skoða betur hvernig er best að háttá skráningu og hámarki greina

Reykjavík International Swim Meet (RISM)

- Boðsbréfið verður klárað í vikunni og sent út í heim.
- Þurfum að ákveða lágmörk, skráningargjöld og verðlaunafé.
- Nokkur áhugi er fyrir mótinu, erlend félög hafa verið að spyrja út í dagsetningu og boðsbréf.

Icelandic Coaches Conference 17-18 september

- Undirbúningur langt komin fyrir rástefnuna, sem verður vel sótt í ár.
- Ekki tókst að fá nóg af erlendum þjálfurum, við reiknuðum með nokkrum þjálfurum frá Færeyjum sem ekki koma.
- Dagskráin er klár.

- Tom Rushton yfirþjálfari Energy Standard (þjálfari ársins í Evrópu 2021)
 - High Performance Swimming Around the World (ENG)
 - Ideas of Youth Development on a Performance Pathway (ENG)
- Björn Sörensen yfirþjálfari Aalborg Svømmeklub (einn besti þjálfari dana)
 - Coaching International swimmers in club environment (ENG)
- Kjell Wormdal yfirþjálfari Sundfélags Akraness
 - Making the most out of what you have (ENG)
- Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála
 - Successful clubs don't happen by accident (ENG)
 - National team system and activities for 2022-2023 season (ISL)
- Ragnar Guðmundsson Optimizer
 - What we learned from two specific projects last season (ENG)

Afreksmál

Langt sundár er að baki hjá landsliðinu með 19 viðburðum, þar af 12 erlendis. Samanlagt eru við að tala um vel yfir hundrað dagar af skipulögðu afreksstarfi sem margir hafa komið að. Sumarið endaði með mörgum vel heppnuðum meistaramótum sem við getum verið stolt af.

- HM50 í Búdapest 14 - 25. júní (2 keppendur)
 - Anton Sveinn Mckee tvíbætti Íslandsmetið í 200m bringusundi og endaði sjötti.
 - Snæfríður Sól Jörunnardóttir synti mjög vel, endaði í 15. sæti í 200 skrið.
- EMU í Búkarest 3-11. Júlí (5 keppendur)
 - Einar Margeir fyrstu til að komast í undanúrslit síðan 2011, hann endaði í 15. sæti í 100 bringu á nýju unglíngameti (piltameti)
 - Daði Björnsson 20. sæti í 50 bringu á nýju unglíngameti
 - Freyja Birkisdóttir setti nýtt unglíngamet í 1500 skrið og endaði í 16. sæti
- NÆM í Tallin 7-11. Júlí (8 keppendur)
 - Birnir Freyr Hálfðánarson vann tvenn gullverðlaun (200 fjór + 100 flug)
 - Þrjú sund sem enduðu í fjórða sæti (Bergur, Ylfa, Sunneva)
 - Stelpurnar syntu þrenn boðsund, árangurinn betri en í fyrra en við þurfum að læra að synda betur í boðsundum.
 - Of lítið um bætingar, sem eru afleiðingar að hluti af hópnum var á leið á EYOF og að lágmarkatímabilið fyrir alþjóðlegumótin var of langt.
- EYOF í Slóvakíu 24 – 30 júlí (5 keppendur)
 - Birnir Freyr Hálfðánarson átti frábært mót og vann til brons verðlauna í 200 fjór þar sem hann bætti unglíngametið í bæði undanúrslitum og úrslitum.
 - Þessi verðlaun eru þau fyrstu síðan 1997 þegar Örn Arnarson vann gull.
 - Heilt yfir gekk þetta fínt, samt eins og á hinum verkefnum þá er karlkynið að standa sig betur á alþjóðlegu mótunum.
 - Ferðaskipalagið hjá ÍSÍ var alls ekki nógu gott, langt og strangt ferðalag rétt fyrir mót.
- EM æfingabúðir í Barcelona 1-8. Ágúst
 - Góður staður og hárrétt ákvörðun, veikindi Antons settu smá strik í reikninginn
- EM 50 í RÓM 8-18. Ágúst (4 keppendur)
 - Anton Sveinn Mckee komst í úrslit og endaði í sjötta sæti eftir alvarleg veikindi
 - Snæfríður komst í undanúrslit í 200 skrið, endaði í 15. sæti.
 - Heilt yfir finn árangur, 4 bætingar af 10 sundum sem er gott á móti sem þessu.
- Verkefni framundan
 - Æfingahelgi Framtíðarhóps 3-4. September í Hafnarfirði
 - Mælingar og æfing fyrir landsliðshópa 14-16. September í Reykjavík
 - Þjálfararáðstefna 17-18. September í Borgarnesi
 - World Cup series (FINA B lágmark + 1,5%)
 - i. Berlín 21-23. Október (4-6)
 - ii. Toronto 28-30. Október (2)

- iii. Indianapolis 3-5. Nóvember (1)
- NM í Bergen
 - i. A og B lágmörk fyrir bæði unglunga og fullorna
 - ii. Stefnan að senda 10 unglunga og 6 fulloröna af stað
 - iii. Þurfum að halda uppi gæðum og ekki slaka á kröfum
- HM í Melbourne
 - i. Mótið átti að vera í Kazan, þessar breytingar munu kosta okkur mikið
 - ii. Langt lágmarkatímabil, þar sem sundfólkið kláraði ekki fyrir en um miðjan ágúst
 - iii. Er að vinna að nordic pre camp saman með Norðmönnum, Svíum og Dönum. Væri góð lausn fyrir alla.
 - iv. Sundfólk sem hefur synt undir lágmörkum eru Anton, Snæfríður og Jóhanna.

4. Fundargerðir nefnda

- Skýrsla um ferð á FINA ráðstefnu í júní – HO
- Funargerð dómaranefndar nr. 110 23.ágúst 2022

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Jakob Ingi Reynisson	Selfoss	ÍRB	23.08.2022	22.09.2022
Bergþóra Sól Hálfðánardóttir	Selfoss	ÍRB	23.08.2022	22.09.2022
Lára Margrét Hermannsdóttir	Sunddeild Ármanns	ÍRB	19.08.2022	18.09.2022
Ylfu Ásgerði Eyjólfsdóttur	Sundeild Breiðabliks	Ægir	22.08.2022	20.09.2022
Dominic Daði Wheeler	Sundfélagið Ægir	Sd Breiðablik	01.09.2022	30.09.2022

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Dapi Björnsson	SH	00:28.97	05.07.2022	Búkarest
100m bringusund	Einar Margeir Ágústsson	ÍA	01:03.45	09.07.2022	Búkarest
200m fjórsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	02:05.90	26.07.2022	Banská
Bystrica					
200m fjórsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	02:05.33	27.07.2022	Banská
Bystrica					
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:55.64	29.07.2022	Banská

Unglingamet stelpur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
1500m skr	Freyja Birkisdóttir	Sd Breiðabliks	17:25.46	05.07.2022	Búkarest

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
15.08.22	Rannís Íþróttasjóður	ÍSÍ

8. Önnur mál:

- a. Næsti fundur verður 22. sept.
- b. Stjórnarfundir verða framvegis settir í atburðardagatal með fyrirvara um breytingar.



- c. Fundur með Advania vegna heimasíðugerðar verður haldin í vikunni. Hilmar, Leifur Guðni og Ingibjörg munu sækja fundinn.
- d. Samþykkt var að herða „dead-line“ á öllum skilum vegna viðburða á vegum SSÍ og beita verðskrá sambandsins þar sem sein skil kalla oft á tvíverknað starfsmanna og sjálfboðaliða.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00